

Frá ritstjóra

Tímarit félagsráðgjafa lítur nú í fyrsta skipti dagsins ljós. Tími þótti til kominn að breyta nafni ritsins og jafnframt til að bjóða upp á ritrýndar greinar sem gert var nú í fyrsta skipti. Í þessu fyrsta tölublaði eru níu greinar, þar af fimm ritrýndar. Prófarkalesari fór yfir allar greinarnar, auk þess sem ritstjóri fór yfir heimildanotkun allra greinanna. Tveir ritrýnendur voru fengnir til þess að fara yfir hverja ritrýnda grein og var gerð krafa um að a.m.k. annar þeirra væri félagsráðgjafi og að ritrýnandi hefði lokið meistaraþrófi eða í undantekningartilfellum væri langt kominn með meistaranám. Ekki var notast við sérstakar leiðbeiningar til ritrýnenda að þessu sinni og treyst á að með menntunar- og fagkröfum ritrýnenda yrði gæðum fullnægt. Hins vegar er það mat ritnefndar að notast beri við slíkar leiðbeiningar framvegis til þess að tryggja gæði ritrýningar enn frekar.

Tímarit félagsráðgjafa tekur við af Félagsráðgjafarblaðinu sem hefur komið út undanfarin ár. Talsvert var velt fyrir sér heiti á nýja ritinu, rétt eins og fagheitum yfir þá sem ritið fjallar um og sitja báðum megin við borðið. Þannig hafa orðið til ýmis heiti á þeim er leita sér aðstoðar félagsráðgjafa og annarra sem hafa starfað í þágu velferðarsjónarmiða. Þurfalíngur er eitt af elstu hugtökunum, en það voru þeir kallaðir sem þurftu á ölmusu að halda hjá sveitarfélagi sínu og voru jafnframt kallaðir ómagar, eða eins og Laddi orðaði það í lagi sínu: „og þeir sem ríkið þarf að ala“. Hugtakið skjólstaðingur var svo tekið upp en það var fengið að láni hjá lögfræðingum en þeir kölluðu þá umbjóðendur sína skjólstaðinga. Hugtakið skjólstaðingur lýsir því hvernig manneskja sem á við tiltekna erfiðleika að stríða stendur í skjóli annarar manneskju og leitar styrks hjá henni. Þetta hugtak er ennþá notað af mörgum innan stéttarinnar nú en óhætt er að segja að hugtökin þurfalíngur og ómagi séu nánast ekkert notuð lengur. Sumum í stétt okkar hefur þó þótt hugtakið skjólstaðingur lýsa tilteknu ójafnræði milli þess er leitar

aðstoðar og þess aðila sem veitir aðstoðina og hafa þar af leiðandi farið að nota hugtakið notandi og jafnvel neytandi eða þjónustuþegi í stað hugtaksins skjólstaðingur. Eftir nokkurra ára notkun hafa þessi hugtök þó þótt vera of einhliða og lýsa viðkomandi sem óvirkum aðila sem tekur einungis við tiltekinni þjónustu. Talið var að notast þyrfti við hugtak sem lýsti viðkomandi sem virkari aðila í ákvaðanatöku um þjónustu og úrræði. Nýjustu hugtökin eru því þátttakandi og jafnvel viðskiptavinur. Gunnar Sandholt gerði góðlátlegt grín að þessu hugtaki þegar hann nefndi dæmi um notkun þess á ráðstefnu Ísforsa sem haldin var haustið 2005 og lýsti þannig hvernig beiðni um fjárhagsaðstoð myndi hljóma: „Gæti ég fengið að gerast þátttakandi í greiðsludreifingu fjármagns hjá sveitarfélaginu?“

Hugtakið félagsráðgjafi hefur verið notað um nokkuð langt skeið yfir þá sem veita stuðninginn og þjónustuna. Félagsráðgjafar áttu forvera eins og t.d. fátæktarfulltrúa. Hins vegar hafa heyrst raddir innan stéttarinnar sem telja þörf á breyttu heiti, þar sem ekki sé nægileg virðing borin fyrir „ráðgjöfum“ af hverju tagi, þar sem hver sem er geti kallað sig ráðgjafa. Mun meiri virðing sé borin fyrir „fræðingum“. Tillögur hafa komið fram um nýtt heiti eins og t.d. „velferðarfræðingur“, „samfélagsfræðingur“ og „fjölskyldufræðingur“. Með „fínum“ heitum sem þessum, fari aðrar fagstéttir að bera virðingu fyrir okkur sem stétt, auk þess sem þá skapist ennþá frekari grundvöllur til þess að gera kröfur um jafn há laun og aðrar fagstéttir sem hafa jafn langa menntun að baki.

En þegar öllu er á botninn hvolft, skiptir kannski ekki öllu máli hvaða nöfn við gefum þeim sem veita þjónustu og þeim sem þiggja hana. Megin máli skiptir að sjálfsögðu hvaða þjónusta er veitt og hvernig hún veitt. Þó er því ekki að neita að gaman er að velja þessum heitum öllum fyrir sér.

Fyrir hönd ritnefndar, Freydis Jóna Freysteinsdóttir.